

Viðlagatrygging Íslands

Ársreikningur 2016

Viðlagatrygging Íslands
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur

Kt. 520276-0259

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Áritun skoðunarmanns	7
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2016

Ársreikningur Viðlagatryggingar Íslands ("VTÍ") fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. VTÍ var stofnuð með sérstökum lögum árið 1975 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Hlutverk hennar er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, en það á við um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð. Árið 2016 telst vera 41. starfsár stofnunarinnar. VTÍ er til húsa að Hlíðarsmára 14, Kópavogi. Fimm starfsmenn eru nú starfandi í fullu starfi hjá VTÍ að meðtöldum framkvæmdastjóra.

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu VTÍ. Eignum er skipt milli fjögurra fjárvörsluaðila, Íslandssjóða, Arion banka, Íslenskra verðbréfa og Virðingar. Í lok árs 2016 er eigið fé VTÍ 31 milljarður kr. Dreifing á milli eignaflokka er fjölbreytt, eignir eru bæði í innlendum og erlendum verðbréfum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar. Í tengslum við viðbragðsáætlun VTÍ var lagt mat á þann tíma sem tekur að innleysa eignir án verulegrar skerðingar á verðmæti ef til tjónsatburðar kæmi. Niðurstaðan var sú að á öðrum virka degi eftir atburð væri hægt að innleysa um 67% af eignasafninu og á fimmta virka degi yrði tæplega 99% af safninu innleysanlegt.

Stærstu aðilar að endurtryggingarsamningi VTÍ árið 2016 voru Sirius í Svíþjóð með 25% hlutdeild og Munich Re með 15% hlutdeild í samningnum, en alls eru 25 endurtryggingarfélög aðilar að samningnum. Aðeins varð eitt tjón á árinu 2016 vegna náttúruhamfara, en það var minniháttar aurskriða á Vesturlandi.

Í árslok 2016 voru váttryggingafjárhæðir í gildi vegna húseigna, lausafjár og mannvirkja samtals 11.216 milljarðar kr. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 55/1992 um VTÍ takmarkast heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers váttryggingaatburðar við 1% af samanlögðum váttryggingafjárhæðum sem í gildi eru við upphaf váttryggingaratburðarins eða samtals um 112 milljarðar kr. í árslok 2016. Eigið fé og endurtryggingar stofnunarinnar standa samtals undir um 76 milljörðum kr. af hæstu mögulegu bótaskyldu VTÍ í einstökum atburði. Þess má geta að líkurnar á slíkum atburði ár hvert af völdum jarðskjálfta, eru u.þ.b. 1 á móti 1.000.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 55/1992 er stjórn VTÍ heimilt að taka lán með ríkisábyrgð til þess að standa undir greiðslu bóta, ef eigið fé og bætur frá endurtryggjendum standa ekki undir hámarksgreiðsluskyldu VTÍ.

Miðað við núverandi eigið fé og endurtryggingarvernd VTÍ gæti þessi sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs numið hæst um 36 milljörðum kr. ef um væri að ræða einstakan tjónsatburð. Niðurstöður áhættumats vegna jarðskjálfta benda til að heildar greiðslur tjónabóta og matskostnaðar í atburði sem hefur 200 ára meðalendurkomutíma sé um 25 milljarðar kr. VTÍ hefur metið áhrif allra stórra jarðskjálfta sem orðið hafa á Íslandi síðustu 300 ár. Matið byggir á rannsókn á tjónnæmi sem unnið var í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi árin 2000 og 2008 og miðast við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna. VTÍ er því í stakk búin til að takast á við meira en tvöfalt stærri atburð en stærstu sögulegu jarðskjálftar landsins hefðu valdið miðað við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 1.689 millj. kr. (2015: 2.811 millj. kr.). Stjórn leggur til að hagnaði verði ráðstafað sem viðbót við eignasöfn VTÍ hjá fjárvörsluaðilum. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar var 96,0% í árslok (2015: 94,3%) og reiknað gjaldþolshlutfall nam 54,9 (2015: 51,9). Þann 31. desember 2016 námu heildareignir stofnunarinnar 32.515 millj. kr. (2015: 31.280 millj. kr.).

Stjórnarhættir

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur sett sér starfsreglur sem byggja m.a. á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem útgefnar eru af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Í samræmi við framangreindar leiðbeiningar um stjórnarhætti hefur stjórn samþykkt stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu og á heimasíðu Viðlagatryggingar Íslands. Í stjórnarháttayfirlýsingunni kemur fram í hvaða tilfellum vikið hefur verið frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Áhættustýring

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja eignir gegn tjóni sem verður af völdum náttúruhamfara. Í slíkri starfsemi er mikilvægt að viðhafa öfluga áhættustýringu, bæði er varðar viðbrögð sem miðast við að draga úr tjóni er tjónsatburður á sér stað og stýringu á fjárhagslegri áhættu og afleiðingum atburða. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur sett félaginu áhættustýringarstefnu. Stefnan er yfirfarin árlega og endurskoðuð með hliðsjón af þeim áhættum sem stjórn telur geta haft mest áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að sífelld áhersla sé á að auka þekkingu á áhættu af völdum náttúruhamfara og að áhættu sé stýrt þannig að rekstrarsamfella sé tryggð þó að stórir atburðir kunní að eiga sér stað. Áhersla er lögð á að draga úr líkum á greiðslufalli með öflugum endurtryggingum á erlendum markaði.

Eignasafn Viðlagatryggingar Íslands

Stýring eignasafns Viðlagatryggingar Íslands er annar tveggja stærstu áhættuþátta í starfsemi stofnunarinnar. Fjárfestingarstefna eignasafnsins byggir á varfærum langtímamarkmiðum með öryggi umfram ávöxtun eigna að leiðarljósi. Til lengri tíma litið telur stjórn að mikilvægi erlendra fjárfestinga sýni sig helst þegar stór áföll ríða yfir á Íslandi og hefur í því skyni verið lögð áhersla á að halda umtalsverðum fjárhæðum í gengistryggðum erlendum eignum. Þetta þýðir að sveiflur á gengi íslensku krónunnar hafa mikil áhrif á ávöxtun eignasafnsins en að undanförunu hefur gengisstyrking krónunnar unnið gegn ávöxtun eignasafnsins. Stjórn hefur ítrekað haft áherslur fjárfestingarstefnu til skoðunar, en niðurstaðan hefur ávallt verið sú að láta ekki skammtímaáhrif af sterku gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á langtímaáherslur um vægi erlendra eigna í fjárfestingarstefnunni. Því hefur stjórnin ákveðið að lækka ekki hlutfall erlendra eigna í safninu þrátt fyrir að bókhaldslegt tap sé á síðastliðnu ári vegna styrkingar íslensku krónunnar.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Viðlagatryggingar Íslands gefi glögga mynd af rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2016 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem stofnunin býr við eins og fram kemur í skýringum nr. 17-24.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2017

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Viðlagatryggingar Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Viðlagatryggingar Íslands fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Viðlagatryggingu Íslands í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Viðlagatryggingar Íslands. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 28. mars 2017

Endurskoðunarþjónustan ehf.

Áritun skoðunarmanns

Ég undirritaður skoðunarmaður Viðlagatryggingar Íslands, skipaður af ráðherra, hef yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og reglna og legg ég til að hann verði staðfestur.

Reykjavík, 28. mars 2017

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld ársins		2.645.254	2.498.681
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(486.126)	(338.376)
Eigin iðgjöld	4	<u>2.159.128</u>	<u>2.160.305</u>
Fjármunatekjur	5	15.845	1.734.779
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	16	(3.169)	(344.410)
Fjárfestingartekjur		<u>12.676</u>	<u>1.390.369</u>
Heildartekjur		<u>2.171.804</u>	<u>3.550.674</u>
Tjónakostnaður		(259.760)	(110.695)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		(32.552)	44.788
Breyting á tjónaskuld		264.710	(236.010)
Eigin tjón	6	<u>(27.602)</u>	<u>(301.917)</u>
Rekstrarkostnaður	7-9	(423.474)	(419.825)
Umboðslaun		(31.393)	(17.534)
Heildargjöld		<u>(482.469)</u>	<u>(739.276)</u>
Heildarhagnaður ársins		<u>1.689.335</u>	<u>2.811.398</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 til 23 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Rekstrarfjármunir	10	6.643	2.949
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	12	29.394.589	28.423.059
Endurtryggingaeignir	13	192.616	232.903
Viðskiptakröfur		493.362	484.881
Aðrar kröfur		4.496	0
Handbært fé		2.422.836	2.136.116
Eignir samtals		<u>32.514.542</u>	<u>31.279.908</u>
Eigið fé			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		26.927.793	25.238.458
Eigið fé samtals	14	<u>31.197.928</u>	<u>29.508.593</u>
Skuldir			
Vátryggingaskuld	15	1.012.707	1.215.501
Skattskuldbinding	16	270.382	518.426
Viðskiptaskuldir		20.477	24.187
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		13.048	13.201
Skuldir samtals		<u>1.316.614</u>	<u>1.771.315</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>32.514.542</u>	<u>31.279.908</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjáryfirlit árið 2016

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2015	4.270.135	22.427.060	26.697.195
Heildarhagnaður ársins		2.811.398	2.811.398
Eigið fé 31.12.2015	<u>4.270.135</u>	<u>25.238.458</u>	<u>29.508.593</u>
Eigið fé 1.1.2016	4.270.135	25.238.458	29.508.593
Heildarhagnaður ársins		1.689.335	1.689.335
Eigið fé 31.12.2016	<u>4.270.135</u>	<u>26.927.793</u>	<u>31.197.928</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Heildarhagnaður ársins		1.689.335	2.811.398
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	578	1.474
Söluhagnaður	(732)	0
Gangvirðisbreyting verðbréfa	12	15.206	(1.649.314)
Skattskuldbinding, breyting	17	(248.044)	27.508
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur, breyting	(986.736)	(2.031.350)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting	(12.977)	60.658
Endurtryggingæignir, breyting		40.287	50.915
Vátryggingaskuld, breyting	15	(202.794)	289.277
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(3.863)	117
Handbært fé frá rekstri		290.260	(439.317)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir rekstrarfjármunir	10	(7.221)	0
Seldir rekstrarfjármunir	10	3.681	0
Fjárfestingarhreyfingar		(3.540)	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		286.720	(439.317)
Handbært fé í ársbyrjun		2.136.116	2.575.433
Handbært fé í lok árs		2.422.836	2.136.116

Skýringar á blaðsíðum 12 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viðlagatrygging Íslands („VTÍ“) er með starfsstöð sína á Íslandi og eru höfuðstöðvar hennar að Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Aðalstarfsemi stofnunarinnar felst í að váttryggja gegn tjónum af völdum náttúruhamfara í samræmi við lög nr. 55/1992.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands staðfesti ársreikninginn þann 28. mars 2017.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er því gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi stofnunarinnar gefa til kynna að hún hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill stofnunarinnar.

e. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 3.c.

f. Breytingar á framsetningu ársreiknings

Í þessum ársreikningi hefur framsetningu á greiddum umboðslaunum verið breytt og eru þau núna færð til gjalda en áður var hluti umboðslauna endurgreiddur og endurgreiðslan færð meðal tekna. Áhrif þessarar breytingar á afkomu stofnunarinnar og eigið fé eru engin.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsgengi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, kröfur á endurtryggjendur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Stofnunin metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar stofnunin gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur stofnunarinnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef stofnunin yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem stofnunin skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar stofnunarinnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði. Um er að ræða viðskiptakröfur tengdar váttryggingasamningum við váttryggingafélögin.

Samkvæmt 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands eru árleg iðgjöld 0,25% af váttryggingafjárhæðum brunatryggðra fjármuna, en iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana miðast við 0,20%. Í árslok voru váttryggingafjárhæðir í gildi vegna húseigna og lausafjár um 10.427 milljarðar króna, en 788 milljarðar vegna mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 83/1993. Samkvæmt 18. grein laga nr. 55/1992 er hámarks bótaskylda Viðlagatryggingar 1% af heildarváttryggingafjárhæðum.

Álagning og innheimta iðgjalda er framkvæmd af váttryggingafélögum, sem gera mánaðarlega skil til stofnunarinnar. Iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana eru innheimt af stofnuninni og byggir álagning þeirra á innsendum upplýsingum frá eigendum mannvirkja.

(v) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur í efnahagsreikningi eru fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörssdegi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðarsjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa sem notuð er eru markaðsvextir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfanna.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreið 5 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á. Afskriftir eru hluti af liðnum rekstrarkostnaður.

e. Vátryggingasamningar

Vátryggingasamningar flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til stofnunarinnar.

(i) Vátryggingasamningar - skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningar stofnunarinnar flokkast í skaðatryggingar og varða eignatjón.

Skylt er samkvæmt 5 gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Vátryggingasamningar frh.:

(iii) Vátryggingaskuld

Mat er lagt á hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar stofnunarinnar með því að meta framtíðarfjárfæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

(iv) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu stofnunarinnar. Stofnunin hefur keypt erlendar endurtryggingar fyrir árið 2017 sem byggja á tveimur samningum. Samningur nr. 1 hefur tvenns konar virkni. Annars vegar fyrir stakan atburð, allt að 25 milljörðum króna, með eigin áhættu að fjárhæð 10 milljörðum kr. Hins vegar er um að ræða uppsöfnunarákvæði í samningnum, þar sem nokkrir atburðir af ólíkum tegundum geta talið upp í 10 milljarða kr. eigin áhættu, hámark 25 milljarða króna. Samningur nr. 2 veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggjendur greiða allt að 15 milljörðum króna umfram það 25 milljarða tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð.

f. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

g. Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppgerðra tjóna auk mats sérfræðinga á tjónabótum fyrir ótilkynntum tjónum vegna atburða sem hafa þegar átt sér stað.

(iii) Gangvirðisbreyting verðbréfa

Afkoma af fjárfestingum í verðbréfum samanstendur af söluhagnaði hlutabréfa, gagnvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast.

(iv) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af handbæru fé.

(v) Gengismunur

Gjaldmiðlagengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

i. Skattur

Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt. Stofnuninni ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum. Skuldbinding stofnunarinnar vegna fjármagnstekjuskatts er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggir á tímamismun áfallins og innleysts fjármagnstekjuskatts í ársreikningi annars vegar og á skattframtali hins vegar.

j. Starfspáttayfirlit

Öll starfsemi stofnunarinnar fellur undir einn starfspátt og því er ekki birt starfspáttayfirlit.

k. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Stofnunin hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir og breytingar á stöðlum sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir árið 2016 og eru viðeigandi fyrir stofnunina. Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi fyrir árið 2016 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er talið að þessir staðlar og túlkanir muni hafa veruleg áhrif á ársreikning stofnunarinnar þegar þeir taka gildi.

l. Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á endanlegri skuldbindingu væntra tjónabóta stofnunarinnar vegna gerðra vátryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat stofnunarinnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjáreigna

Eins og fram kemur í skýringu 3c eru verðbréf stofnunarinnar metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir mikinn meirihluta þessara eigna. Aðferðir við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggja á viðurkenndum matsaðferðum.

Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, t.d. vaxtaþrósentum, flökti, mati á sjóðsflæði á matsdegi. Þess vegna er ekki hægt að meta gangvirðið með vissu.

Skýringar, frh.:

	2016	2015
4. Eigin iðgjöld		
Eigin iðgjöld greinast þannig:		
Bókfærð iðgjöld	2.583.338	2.445.414
Hluti endurtryggjenda	(486.126)	(338.376)
Breyting á iðgjaldaskuld	61.916	53.267
Eigin iðgjöld samtals	<u>2.159.128</u>	<u>2.160.305</u>
5. Fjármunatekjur		
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	68.465	90.937
Aðrir vextir	0	236
Gangvirðisbreyting verðbréfa	(15.206)	1.646.767
Gengismunur	(37.414)	(3.161)
Fjármunatekjur samtals	<u>15.845</u>	<u>1.734.779</u>
6. Eigin tjón		
Eigin tjón greinast þannig:		
Bókfærð tjón	259.760	110.695
Hluti endurtryggjenda	32.552	(44.788)
Breyting á tjónaskuld	(340.120)	241.720
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	75.410	(5.710)
Eigin tjón samtals	<u>27.602</u>	<u>301.917</u>
7. Rekstrarkostnaður		
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	81.187	76.948
Aðkeypt sérfræðipjónusta	21.540	31.836
Innheimtuþóknun váttryggingafélaga	198.749	198.550
Umsýsluþóknun fjársýsluaðila	78.719	72.148
Húsnæðiskostnaður	9.595	10.114
Annar rekstrarkostnaður	33.684	30.229
Rekstrarkostnaður samtals	<u>423.474</u>	<u>419.825</u>
8. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	66.949	63.303
Lífeyrisiðgjöld	7.929	7.350
Tryggingagjald	5.480	5.454
Önnur launatengd gjöld	829	841
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>81.187</u>	<u>76.948</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	6,0	6,0
9. Þóknun til endurskoðanda		
Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	1.150	948
Innri endurskoðun	2.800	2.146
Endurskoðunarkostnaður samtals	<u>3.950</u>	<u>3.094</u>

Skýringar, frh.:

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið
Heildarverð 1.1.2016.....	7.371
Keypt á árinu.....	7.221
Selt á árinu.....	(7.371)
Heildarverð 31.12.2016.....	7.221
Afskrifað 1.1.2016.....	4.423
Afskrifað á árinu	578
Selt á árinu.....	(4.423)
Afskrifað samtals 31.12.2016.....	578
Bókfært verð 31.12.2016.....	6.643

11. Fjáreignir

a. Flokkun og gangvirði fjáreigna

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun stofnunarinnar á fjáreignum og gangvirði þeirra. Óverulegur munur er á bókfærðu verði og gangvirði þar sem eignir bera breytilega vexti.

	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
2016				
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur .	29.394.589		29.394.589	29.394.589
Endurtryggingaeignir		53.916	53.916	53.916
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		497.858	497.858	497.858
Handbært fé		2.422.836	2.422.836	2.422.836
Fjáreignir samtals	29.394.589	2.979.106	32.373.695	32.373.695
2015				
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur .	28.423.059		28.423.059	28.423.059
Endurtryggingaeignir		18.793	18.793	18.793
Viðskiptakröfur		484.881	484.881	484.881
Handbært fé		2.136.116	2.136.116	2.136.116
Fjáreignir samtals	28.423.059	2.639.790	31.062.849	31.062.849

b. Stigkerfi gangvirðis

Fjármálagerninga á gangverði skal flokka eftir verðmatsaðferð. Allar fjáreignir stofnunarinnar sem færðar eru á gangvirði falla undir stig 1 þar sem verð eru skráð á virkum markaði fyrir utan óskráð skuldabréf sem falla undir stig 3 að fjárhæð 70,8 millj. kr. (2015: 0 millj. kr.). Sjá nánar í skýringu 12.

Skýringar, frh.:

12. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	2016	2015
Innlend hlutabréf	1.048.761	1.157.390
Erlend hlutabréf	1.167.484	624.283
Erlend hlutdeildarskírteini	3.970.142	2.432.017
Innlend hlutdeildarskírteini	54.150	0
Skuldabréf í Kauphöll Íslands	19.348.984	20.220.723
Erlend skuldabréf	3.734.219	3.988.646
Skráð verðbréf samtals	29.323.740	28.423.059
Óskráð skuldabréf	70.849	0
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	29.394.589	28.423.059

Óskráð skuldabréf eru endurheimtur vegna krafna í þrotabú viðskiptabankanna sem urðu gjaldþrota haustið 2008. Kröfurnar voru áður færðar niður að fullu. Á árinu 2016 fékk Viðlagatrygging kröfurnar greiddar að hluta og endurheimti hluta í formi skuldabréfa.

13. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:	2016	2015
Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld	138.700	214.110
Kröfur á endurtryggjendur.....	53.916	18.793
Endurtryggingaeignir samtals.....	192.616	232.903

14. Gjaldþol

VTÍ er undanþegin nýjum gjaldþolskröfum (Solvency II) í samræmi við 3 gr. nýrra laga um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og eldri kröfur um gjaldþol eru fallnar úr gildi. VTÍ vinnur tryggingafræðilega greiningu á gjaldþoli og gerir grein fyrir því í árlegri áhættuskýrslu VTÍ.

15. Vátryggingaskuld

	2016	2015
Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	179.700	444.410
Iðgjaldaskuld	833.007	771.091
Vátryggingaskuld samtals	1.012.707	1.215.501
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tjónaskuld	138.700	214.110
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	138.700	214.110
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Tjónaskuld	41.000	230.300
Iðgjaldaskuld	833.007	771.091
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	874.007	1.001.391

Tjónaskuld er ætlað að gefa til kynna fjárhagslega skuldbindingu sem hvílir á stofnuninni vegna ógreiddra tjóna í heild sinni, það er tilkynnta tjóna og orðinna en ótilkynnta tjóna í árslok.

Skýringar, frh.:

15. Vátryggingaskuld, frh.:

Tjónaskuld vegna tilkynntra tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Gert er mat fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurskoðun á tjónsáætlunum.

Ótilkynnt tjón er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á undanliðnum árum.

Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næstu reikningsárum.

16. Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts

Skuldbinding greinist þannig:	2016	2015
Skuldbinding í ársbyrjun.....	518.426	490.918
Fjármagnstekjuskattur ársins	3.169	344.410
Greiddur fjármagnstekjuskattur..... (251.213) (316.902)
Skuldbinding í árslok.....	<u>270.382</u>	<u>518.426</u>

Áhættustýring

17. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum stofnunarinnar:

- váttryggingaáhætta
- endurtryggingaáhætta
- útlánaáhætta
- lausafjáraáhætta
- markaðsáhætta
- rekstraráhætta

Skýringar 18 - 24 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir stofnunarinnar við að meta og draga úr áhættunum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu áhættustýringar og rekstraráhættu.

Markmið stofnunarinnar með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna stofnunarinnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi stofnunarinnar. Áhættuskýrsla er unnin ár hvert þar sem fylgni við hverja og eina viðmiðunarkröfu í áhættustýringarstefnu er metin og gerð grein fyrir henni. Með virkri þátttöku starfsmanna í áhættustýringu, er viðhaft agað eftirlit þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórnendur stofnunarinnar ákvarða hvernig eignum hennar skuli dreift til þess að hún nái fjárfestingarmarkmiðum sínum. Frávik frá ákvarðaðri dreifingu eigna og samsetning eignasafnsins eru vöktuð af starfsmönnum stofnunarinnar.

18. Váttryggingaáhætta

Áhættan sem felst í hverjum váttryggingasamningi samanstendur af áhættu á að váttryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð.

Fyrir váttryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat og ráðstöfun stendur stofnunin frammi fyrir þeirri megináhættu að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Váttryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Stofnunin stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og váttryggingaskuldar. Þegar horft er til framtíðar, liggur megin fjárhagsleg áhætta stofnunarinnar í því að fjáreignir nægi ekki fyrir skuldbindingum vegna váttryggingasamninga hennar.

Eignastýringaráhætta

Stofnunin jafnar váttryggingaskuld sína með safni verðbréfa og fjárfestingaeigna sem háðar eru markaðsáhættu.

Stofnunin heldur stórum hluta eigna sinna í ríkistryggðum skuldabréfum, innlendum sem erlendum til að takmarka markaðs- og mótaðilaáhættu.

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini færð á gangvirði gegnum rekstarreikning:	2016	2015
Verðbréf skráð í Kauphöll Íslands	19.348.984	21.378.113
Önnur skráð verðbréf	7.758.511	4.612.929
Óskráð verðbréf	70.849	0
	<u>27.178.344</u>	<u>25.991.042</u>
Kröfur	551.774	503.674
Handbært fé	2.422.836	2.136.116
Samtals	<u>30.152.954</u>	<u>28.630.832</u>
Váttryggingasamningar í eigin hlut	<u>874.007</u>	<u>1.001.391</u>

Váttryggingasamningar eru ekki næmir fyrir markaðsvöxtum, þar sem þeir eru ekki núvirtir og bera ekki samningsbundna vexti.

18. Vátryggingaáhætta frh.:

Eignastýringaráhætta frh.

Næmnigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna stofnunarinnar er bókfærður á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur stofnunarinnar.

Stjórnendur stofnunarinnar fylgjast stöðugt með sveiflum á markaði sem gerir stofnuninni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Hækkun vaxta um 100 punkta myndi leiða til lækkunar á verðmæti verðbréfasafns stofnunarinnar um 1.354 millj. kr. í árslok 2016 (breytingin hefði numið um 1.515 millj. kr. í árslok 2015).

Í þessum útreikningum er um að ræða línulega nálgun þar sem vaxtanæmnim er reiknuð miðað við meðallíftíma. Ávöxtunarkrafan hefur hins vegar áhrif á líftíma eigna þannig að til að framkvæma nákvæma útreikninga þarf að hafa upplýsingar um allt sjóðstreymi safnsins. Með þessari nálgun verða t.d. áhrif kröfubreytinga samhverf þ.e. 1% hækkun ávöxtunarkröfu hefur sömu áhrif og 1% lækkun ávöxtunarkröfu en það gildir hins vegar ekki í reynd.

Áhætta VTÍ vegna vaxtanæmni kann að vera minni en útreikningar eignasafnsins gefa til kynna. Sé tekið mið af því að eignasafnið sé til að mæta greiðslum vegna mögulegra tjóna í framtíð má líta svo á að núvirði ófallinna framtíðarskuldbindinga sé jafnframt næmt fyrir vaxtabreytingum. Því kann vaxtanæmnin að jafnast út á eigna- og skuldbindingahlíð sjóðsins.

19. Endurtryggingaráhætta

Endurtryggingaáhætta getur m.a. falist í því að greiðslufall verði hjá endurtryggjendum. Oft á tíðum tekur langan tíma að gera upp tjónsatburð. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Stofnunin hefur sett sér endurtryggingastefnu þar sem fram kemur að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu stofnunin tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Fram til þessa hefur aðeins verið birt lánshæfi samnings 1 miðað við mat Standard & Poor's "S&P". Gerð er breyting á framsetningu lánshæfismats í þessum ársreikningi. Lánshæfi er birt, bæði fyrir samning nr. 1 og nr. 2, auk þess sem upplýsingar um vegið lánshæfismat kemur fram. Í vegnu lánshæfismati er tekið hæsta lánshæfismat óháðs matsfyrirtækis og metin hlutdeild hvers endurtryggjanda í samningnum til að fá áhættustuðul samningsins. Þannig sést að þó að enginn hafi lánshæfi AA á árinu 2017 hefur vegin lánshæfiseinkunn samningsins í heild hækkað úr 63,7 í 72,1 á samningi nr. 1.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu endurtryggjenda eftir mati þeirra fyrir árið 2016 og vegna ársins 2017:

	2017	2016	2017	2016
	Samningur 1	Samningur 2	Samningur 1	Samningur 2
AA	0,0%	0,0%	2,5%	2,5%
AA-	47,8%	49,8%	44,5%	44,5%
A+	14,3%	12,3%	16,3%	12,8%
A	6,5%	6,5%	7,8%	7,8%
A-	27,5%	27,5%	25,0%	25,0%
BBB Pi	1,5%	1,5%	0,0%	0,0%
Ekki með lánshæfismat	2,5%	2,5%	4,0%	7,5%
Samtals	100%	100%	100%	100%
A eða betra mat	68,5%	68,5%	71,0%	67,5%
Vegið lánshæfismat	72,1	72,3	63,7	63,0

20. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og ef tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum kröfunnar. Bókfært verð fjáreigna stofnunarinnar jafngildir mesta mögulega tapi vegna útlánaáhattu.

21. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Stofnunin þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Fjármálafyrirtæki sjá um fjárfestingar stofnunarinnar og er hægt að innleysa þær með skömmum fyrirvara ef til verulegra náttúruhamfara kæmi.

22. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og hlutabréfa hafi áhrif á afkomu stofnunarinnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna stofnunarinnar við stýringu markaðsáhattu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum hennar. Fylgst er með breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn stofnunarinnar fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhattu stofnunarinnar á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

23. Gjalddeyrísáhætta

Stofnunin fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli sínum. Þess vegna stendur stofnunin frammi fyrir hættunni á því að gengi starfsrækslugjaldmiðils hennar miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna og skulda stofnunarinnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Sundurliðun eigna og skulda eftir erlendum myntum:

2016	USD	EUR	GBP	Annað	Samtals
Eignir:					
Handbært fé	101.698	63.243	29.639	534	195.114
Verðbréf	4.587.394	1.841.960	1.136.306	1.377.034	8.942.694
Gengisáhætta í efnahagsreikningi	4.689.092	1.905.203	1.165.945	1.377.568	9.137.808

Við skiptingu verðbréfa í gjaldmiðla í töflunni er miðað við gjaldmiðlaskiptingu eigna sem eru í eigu verðbréfasjóða sem Viðlagatrygging hefur fjárfest í, en ekki til uppgjörsmýnta sjóðanna.

24. Rekstraráhætta

Stofnunin býr við rekstraráhattu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag, og einnig í tengslum við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs-, eða lausafjárahættur, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja.

Markmið stofnunarinnar er að verja stofnunina gegn rekstraráhattu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír stofnunarinnar verði fyrir skaða.

Til að draga úr rekstraráhattu gerir stofnunin meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhattuþáttum, þjálfun og faglega uppbyggingu.

25. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar stofnunarinnar eru stjórn, framkvæmdastjóri og aðilar þeim tengdir. Félög í eigu stjórnarmanna eru einnig skilgreind sem tengdir aðilar. Stjórnarskipti voru árinu 2015 þannig að laun þeirra sem tóku sæti á árinu 2015 eru ekki samanburðarhæf milli ára.

Engin viðskipti voru við tengda aðila á árunum 2016 og 2015.

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnar greinast þannig:

	2016	2015
Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri	20.344	16.668
Sigurður Kári Kristjánsson stjórnarformaður	2.553	1.141
Adolf Guðmundsson, stjórnarmaður	1.276	1.125
Lína Björg Tryggvadóttir stjórnarmaður	1.276	1.160
Ragnar Þorgeirsson, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	1.914	808
Vigdís Halldórsdóttir, stjórnarmaður	1.276	665
Sigurður Þórðarson, formaður endurskoðunarnefndar	1.276	1.125
Auður Daníelsdóttir, endurskoðunarnefnd	638	562
Guðrún Erlingsdóttir fyrrverandi stjórnarformaður	0	1.108
Sigmar Ármannsson, stjórnarmaður	0	554
Steinar Harðarson, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	0	951
Varastjórnarmenn	538	424

26. Skuldbindingar

Félagið leigir skrifstofu að Hlíðasmára 14, Kópavog til ársins 2029. Leiguskuldbindingin nemur 102 millj. kr. ónúvirt í árslok 2016. Leigu- og húsfélagsgjöld eru bundin vísitölu og nema 0,6 millj. kr. á mánuði.

27. Kennitölur

Helstu kennitölur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Eigið tjónshlutfall	1,3%	14,1%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	19,1%
Samsett hlutfall (tjón+kostnaður)	20,9%	33,2%
Eiginfjárlutfall	96,0%	94,3%